

Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	ÍSLE2MG05 Fornar bókmenntir og málsaga Undanfari: ÍSLE2MB05
Kennari:	Erna Guðmundsdóttir
Önn:	Haustönn 2019
Áætlun unnin:	Ágúst 2019

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

- fornum norrænum textum
- þróun tungumálsins og helstu breytingum frá fornu
- grunnhugtökum í bókmenntafræði
- helstu hugtökum og vinnubrögðum við ritgerðasmíð
- orðaforða í íslensku nútímamáli

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að beita gagnrýninni hugsun við hvers konar tjáningu
- markvissri notkun viðeigandi hjálpargagna
- að nota algeng stílbrögð í máli
- tjá sig á blæbrigðaríkan hátt
- rétttri og heiðarlegri notkun heimilda
- í öruggum málflutningi um afmörkuð málefni

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- rita rannsóknaritgerð
- vinna að skapandi verkefnum tengdum námsefninu
- styrkja eigin málfærni með því að nýta upplýsingar í handbókum
- beita blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum, byggja upp skýra röksemdarfærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu
- túlka texta þó merkingin sé ekki ljós

sem metið er með:

Símati alla önnina

Námsefni:

Ásdís Arnalds, Elínborg Ragnarsdóttir, Sólveig Einarsdóttir. 2007 (eða nýrri). *Tungutak, málsaga handa framhaldsskólum*. JPV, Reykjavík.
Sölvi Sveinsson. 2011. *Guðirnir okkar gömlu ásamt Snorra-Eddu* (í útgáfu Guðrúnar Nordal). Bjartur, Reykjavík.
Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 2010. *Handbók um ritun og frágang* (10.útgáfa eða nýrri). Mál og menning, Reykjavík.
Kröfur FSN til verkefna- og ritgerðavinnu:
<http://m3.fsn.is/course/view.php?id=43>
Málið.is: <https://malid.is>

Námsmat: Námsmat byggir á leiðsagnarmati þar sem nemandinn fær endurgjöf á það sem vel er gert ásamt ábendingum um það sem betur má fara. Við námsmatið er nýtt kennaramat, sjálfsmat og jafningjamat. Leitast er við að hafa námsmat sem fjölbreyttast til þess að sýna rétta mynd af þekkingu, leikni og hæfni nemenda. Ætlast er til að nemendur fái leiðsagnarmat hjá kennara áður en verkefnum er skilað í skilakassa. Verkefni nemenda gilda ekki öll til einkunnar.

Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn (45/100) fyrir rannsóknarritgerð til að standast áfangann.

Prófseinkunn (25%):	Kaflapróf, tvö eða fleiri	25%
Verkefnaeinkunn (75%):	Rannsóknarritgerð	30%
	Verkefni úr málsögu og norræni goðafræði ásamt lokaverkefni annar	45%
Athugið að 25% af einkunn allra ritunarverkefna byggist á réttritun, málfari og frágangi (þ.m.t. merkingu verkefna). Þess vegna er mikilvægt að nýta fánlegar ritbjargir).		

Skipulag náms:

Námstilhögun:

Nám nemenda fer aðallega fram með verkefnavinnu og nemendur vinna ýmist einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Verkefnum er skilað á fjölbreyttan hátt og verður símat alla önnina.

Tekið skal fram að vinnan við heimildaritgerð verður að vera sýnileg (senda þarf vinnueintak til kennara eða sýna honum í verkefnatíma/kennslustund) ef það er ekki gert verður ekki tekið við ritgerðinni og viðkomandi fær einkunnina núll.

Verkefni áfangans gilda ekki öll til einkunnar. Ætlast er til að nemendur fái leiðsagnarmat hjá kennara áður en þeir skila verkefnum.

Nánar um verkefni og yfirferð hvernar viku er hægt að sjá í kennslukerfinu (Moodle) en öll vinnan fer fram í gegnum kerfið. Mikilvægt er því að kunna að nota Moodle eða leita aðstoðar hjá kennurum og/eða samnemendum. Gerð er sú krafa að nemendur fari reglulega inn í kennslukerfið og lesi fyrirmæli og skilaboð sem þar eru sett.

Um skilafrest og vanskil:

Nemandi í framhaldsskóla ber ábyrgð á eigin námi. Ákveðinn skiladagur er gefinn upp á öllum verkefnum það er því mjög mikilvægt að mæta í allar kannanir/próf og skila öllum verkefnum á réttum tíma. **Ekki** er tekið við verkefnum eftir auglýstan skilafrest. Sjá nánar reglur um skilafrest: <http://m3.fsn.is/>

MJÖG MIKILVÆGT er að þú hafir hugfast að ef þú missir af könnun/prófi EÐA tímaverkefni sem er á dagskrá ákveðinn dag og þú ert ekki skráð(ur) veik(ur) í Innu **MUNT ÞÚ EKKI FÁ** annað tækifæri til þess að ljúka prófinu eða tímaverkefninu. Standir þú hins vegar frammi fyrir vandamálum eða aðstæðum, sem þú ræður ekki við, vinsamlegast hafðu þá samband við kennara tímanlega FYRIR skráða dagsetningu.

Ætlast er til að nemendur geymi verkefni sín þannig að tryggt sé að hægt sé að skila verkefnum þó tölva nemanda sé ekki tiltæk.

Um próf:

- Próf/kannanir geta verið margs konar, s.s. tímapróf, heimapróf, munnleg próf o.s.frv.

Vikuskema:

Mánudagar: 14:35-15:25

Þriðjudagar: 11:15-12:05

Miðvikudagar: 12:35-13:25

Fimmtudagar: 14:35-15:25

Áætluð yfirferð:		
Vikur	Efni	Skil á verkefnum og próf
34. vika 18.-24. ág. 20. ág. – fyrsti kennslud.	Kynning á áfanga. Norræn goðafræði og málsaga. Tungutak, 1. kafli	
35. vika 25. – 31. ág.	Norræn goðafræði og málsaga Tungutak, 2. kafli Guðirnir okkar gömlu, 1. og 2. kafli	
36. vika 1. -7. sept.	Norræn goðafræði og málsaga Tungutak 2. Kafli Guðirnir okkar gömlu 1. og 2. Kafli Undirbúningur undir ritgerðarskrif	
37. vika 8.-14. sept.	Norræn goðafræði og málsaga Tungutak 3. kafli Guðirnir okkar gömlu 5.k. (144-148) Ritgerðarefni ákveðið	Efnisgrind og upplýsingum um heimildir ritgerðar skilað.
38. vika 15.-21. sept. Framhaldsd. 17.-20. sept.	Norræn goðafræði og málsaga Tungutak 3. kafli Guðirnir okkar gömlu 5. k. (144-148) Vinna við rannsóknaritgerð	

39. vika 22.-28. sept. 23. og 24. sept. – námsmatsd. 25. sept. – 1. umsögn	Norræn goðafræði og málsaga Tungutak 4. kafli Guðirnir okkar gömlu 3. kafli Vinna við rannsóknarritgerð	Skil ritgerðar á vinnustigi (um helmingi lokið)
40. vika 29. sept. – 5. okt.	Norræn goðafræði og málsaga Tungutak 4. kafli Guðirnir okkar gömlu 3. kafli Vinna við rannsóknarritgerð	Próf
41. vika 6.-12. okt.	Vinna við rannsóknarritgerð	Skil ritgerðar á vinnustigi (vinnu við ritgerð að mestu lokið).
42. vika 13.-19. okt.	Gylfaginning Snorra-Eddu og skáldskaparmál	Lokaskil ritgerðar.
43. vika 20.-26. okt. 22.-25. okt. Framhaldsd.	Gylfaginning Snorra-Eddu og skáldskaparmál	
44. vika 27.okt.-2. nóv.	Gylfaginning Snorra-Eddu og skáldskaparmál	
45. vika 3.-9. nóv. 7. og 8. nóv. - námsmatsd.	Gylfaginning Snorra-Eddu og skáldskaparmál	
46. vika 10.-16. nóv. 11. nóv. – 2. umsögn	Gylfaginning Snorra-Eddu og skáldskaparmál	
47. vika 17.-23. nóv.	Gylfaginning Snorra-Eddu og skáldskaparmál	
48. vika 24. -30.nóv.	Gylfaginning Snorra-Eddu og skáldskaparmál	Próf
49. vika 1.– 7. des. Framhaldsd. 2.-6. des.	Lokaverkefni annar.	
50. vika 8.-14. des.	Námsmat Einkunnabirting 11. desember.	

*Birt með fyrirvara um breytingar,
Erna Guðmundsdóttir, íslenskukennari.*